

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2010

frá 30. apríl 2010

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XIV. viðauka
(Samkeppni) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2006 frá 8. desember 2006 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) ⁽³⁾.
- 4) Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 ⁽⁴⁾ rann út 25. apríl 2010, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 10. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74) í XIII. viðauka við samninginn:

„10a. **32009 R 0906:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31). ⁽¹⁾

- ⁽¹⁾ Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni; um beitingu ákvæðanna sjá XIV. viðauka, Samkeppni.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 28, og EES-viðbætur nr. 30, 10.6.2010, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 31, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, bls. 24.

2. gr.

Ákvæði XIV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 11c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000) hljóði svo:

„**32009 R 0906**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í stað orðanna „höfnum innan Bandalagsins“ komi orðin „höfnum á landsvæðinu sem EES-samningurinn tekur til“.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 906/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*). Hún kemur til framkvæmda frá 26. apríl 2010 að telja.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.